

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

857. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. desember 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varamaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð Hafnarsambands Íslands
2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
3. Fundargerð fundar um heimsóknir presta í leikskólann Ásgarð
4. Erindi frá Snorrasjóði
5. Greiðsla sveitarstjórnarmanna fyrir spjaldtölvur
6. Ársskýrsla Leiksólans Ásgarðs og leik- og grunnskólans á Borðeyri 2013-2014
7. Úthlutun úr vaxtasamning, lagt fram til kynningar
8. Laugarbakkaskóli, kaupsamningur.
9. Styrkur til jólasjóðs RKÍ, Hvammstangadeildar
10. Staða sorpmála

Afgreiðslur:

1. Lögð fram til kynningar fundargerð Hafnasabands Íslands frá 11. desember sl.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember sl.
3. Lögð fram fundargerð fundar sveitarstjóra, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og oddvita með starfsmönnum leikskóla. Í fundargerðinni er lagt til að ekki verði um frekari heimsóknir presta á leikskólatíma að ræða en áfram verði kirkjuheimsóknir á stórhátíðum kristinnar, þó þannig að það verði kynnt með góðum fyrirvara í hvert skipti. Einnig er lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem semur reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og síðdegisgæslu við trúar- og lífsskoðunarfélög í Húnaþingi vestra. Horft verði til tillagna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um málið (<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/vidmid/>). Lagt er til að vinnuhópurinn verði skipaður eftirfarandi aðilum:
 - fulltrúi foreldra leikskóla
 - fulltrúi starfsmanna leikskóla
 - fulltrúi frá sveitarstjórn
 - fulltrúi foreldra grunnskóla

- fulltrúi starfsmanna grunnskóla
- Byggðarráð samþykkir framkomnar tillögur og felur sveitarstjóra að vera starfsmaður vinnuhópsins.
4. Lagt fram erindi frá Snorraverkefninu, beiðni um styrk. Byggðarráð sér sér ekki fært að styrkja verkefnið.
 5. Sveitarfélagið hefur keypt spjaldtölvur fyrir sveitarstjórnarmenn til notkunar á fundum, og í öðrum samskiptum. Hætt hefur því verið að prenta út fundargögn og senda með bréfpósti. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjórnarmenn greiði 50% hlut í verði þeirra, sem komi til greiðslu á árinu 2015 og eignist spjaldtölvurnar að loknu kjörtímabilinu.
 6. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Leikskólans Ásgarðs og leik og grunnskólans á Borðeyri skólaárið 2013-2014, ásamt fylgigögnum.
 7. Lögð fram til kynningar úthlutun úr vaxtasamningi Norðurlans vestra. Þrír styrkir komu í Húnaþing vestra.
 8. Lagður fram kaupsamningur um Laugabakkaskóla ásamt lista yfir fylgifé. Byggðarráð samþykkir framlögð gögn.
 9. Byggðarráð samþykkir að í stað þess að senda út jólakort, þá verði andvirði þeirra greitt til jólasjóðs RKÍ Hvammstangadeildar.
 10. Sveitarstjóri fór yfir stöðu sorpmála. Samþykkt að taka á dagskrá.
 11. Farið yfir úrskurð Óbyggðanefndar um þjóðlendur frá 19. desember sl. Samþykkt að óska eftir fundi með Ólafi Björnssyni lögfræðingi til að fara yfir málið.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:13

Stefán Böðvarsson

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir